

**Staða jarðhitarannsókna fyrir Selfossveitur.
Stutt yfirlit í byrjun árs 1995.**

Guðni Axelsson

Greinargerð GAx-95/01

STAÐA JARÐHITARANNSÓKNA FYRIR SELFOSSEVEITUR STUTT YFIRLIT Í BYRJUN ÁRS 1995

Hér verður gefið stutt yfirlit um stöðu jarðhitarannsóknna fyrir Selfossveitur, en Orkustofnun vann töluvert að slíkum rannsóknum í samvinnu við hitaveituna á síðasta ári auk venjubundins vinnslueftirlits. Aðaláherslan var á jarðhitaleit, því hiti vatns úr vinnsluholum veitunnar fer lækkandi.

Vinnslueftirlit var með venjubundnum hætti. Jarðhitakerfið við Þorleifskot kólnar áfram með svipuðum hraða og undanfarin ár.

Úttekt var gerð á ýmsum *orkuöflunarmöguleikum* veitunnar í samvinnu við Verkfræðistofu Suðurlands.


Boraðar voru nokkrar 50 - 160 m djúpar *könnunarholur norðan vinnslusvæðisins* við Þorleifskot og Laugardæli. Niðurstöðurnar benda ekki til þess að jarhitakerfið teygi sig til norðurs. Síðasta holan bendir til þess að jarðskjálftasprungu sem liggur um Laugardæli halli til austurs en ekki vesturs eins og gengið var útfrá er hola 12 var boruð.

Jafnframt var gerð *úttekt á hitaástandi jarðhitakerfisins við Þorleifskot*, en mjög mikið er til af hitamælingum úr borholum á svæðinu. Niðurstöðurnar benda til þess að kerfið hafi kólnað um 10 °C á síðustu 10 árum og að það sé heitast suðaustan við núverandi vinnslusvæði. Hugsanlegt er að kanna suðausturhluta kerfisins nánar með borun nokkurra 150 - 200 m djúpra könnunarholna. Ef jákvæðar niðurstöður fást mætti staðsetja næstu djúpu (1500 m) vinnsluholuna á því svæði. Eins mætti staðsetja djúpa (1000-2000 m) vinnsluholu vestan eða norðvestan Þorleifskots, t.d. milli holna 10 og 12. Einnig er sá möguleiki til staðar að hreinsa hruntappa úr holu 10.

Ítarlegar rannsóknir eru í gangi á *jarðhitasvæðinu á Laugarbökkum* norðan Ölfusár, en það er eitt hugsanlegra vinnslusvæða hitaveitunnar. Viðnámssniðsmælingum, sem framkvæmdar voru síðastliðið haust, hefur verið fylgt eftir með borun nokkurra 200 - 400m djúpra rannsóknarholna. Niðurstöðurnar sýna hvar heitt vatn hríslast til yfirborðs í efstu 200 - 300 m, en aðaluppstreymið hefur ekki fundist enn. Flest bendir til þess að það sé alveg við eða undir Ölfusá. Rannsóknunum er haldið áfram og stefnt að því að bora 1000 m djúpa tilraunavinnsluholu á svæðinu að þeim loknum.

Fyrsta skrefi rannsókna á jarðhitanum *norðan Selfosskirkju* er lokið og hægt að staðsetja a.m.k. 500 m djúpa tilraunavinnsluholu þar með litlum fyrirvara.

Guðni Axelsson
verkefnisstjóri



79 80 81 82 83 84 85 86 87 88 89 90 91 92 93 94



JHD FFR 8100 Ómar
94.12.0611 AÁ

LAUGADÆLIR - ÞORLEIFSKOT

Jafnhitalínur á 100m dýpi 1994

